



Leigusamningur

Sveitarfélagið Strandabyggð, kt. 570806-0410, Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík, hér eftir vísað til sem leigusali og _____ kt.

_____ heimilisfang _____

netfang: _____ sími: _____ hér eftir vísað til

sem leigutaki, gera með sér samning um reit á geymslusvæði við Hnitbjörg og/eða reit á gámasvæði í

Réttarvík sem hér segir:

Gámasvæði		
Stærð	20"	40"
Gámur nr.		
Gámur nr.		
Gámur nr.		
Gámur nr.		
Gámur nr.		
Gámur nr.		

Geymslusvæði	
Stærð	10m*5m
Reitur nr.	
Reitur nr.	
Reitur nr.	
Reitur nr.	
Reitur nr.	
Reitur nr.	

Undirritaður undirgengst að fullu reglur um Gámasvæði í Réttarvík og geymslusvæði við Hnitbjörg sem finna má á baksíðu þessa samnings.

Hólmavík, dagsetning _____

fh. Strandabyggðar/leigusali

Leigutaki



Reglur

Gámasvæði í Réttarvík og geymslusvæði við Hnitbjörg

1. gr.

Þessar reglur eru fyrir skipulagt gámasvæði í Réttarvík og geymslusvæði við Hnitbjörg í Strandabyggð.

2. gr.

Tilgangurinn með gáma- og geymslusvæði er að bjóða íbúum, fyrirtækjum og einstaklingum aðstöðu til að geyma, gegn gjaldi, muni sem ekki rúmast á lóð lögbýlis, eða geta ekki verið innan bæjarmarka. Svæðinu er skipt niður í hólf, sem eru leigð út á ársgrundvelli. Sótt skal um leigupláss á þar til gerðum eyðublöðum. Fram komi nafn, heimilisfang, símanúmer og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslumuna. Umsóknarblað skal undirritað af umsækjanda. Umsóknum ber að skila á skrifstofu Strandabyggðar og afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Starfsmaður Áhaldahúss sér um úthlutun geymslusvæðis og skal leigutaki undirrita leigusamning um leið. Leigutaka er óheimilt að endurleigja úthlutuðu plássi til annarra. Leigutaka er ekki heimilt að staðsetja á eigin vegum muni utan skilgreinds gámasvæðis.

3. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir miðað við 1. dag hvers mánaðar. Leigugjald er innheimt í nóvember ár hvert og hlutfallslega miðað við leigutíma. Leigutími getur aldrei verið styttri en einn mánuður. Hafi hlutir ekki verið sóttir innan tveggja mánaða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall orðið, áskilur leigusali sér allan rétt til að selja viðkomandi hluti fyrir áföllnum kostnaði.

4. gr.

Svæðið er ekki vaktað og hlutir á gáma- og geymslusvæði alfarið á ábyrgð eigenda. Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni.

5. gr.

Gámar á geymslusvæði skulu vera snyrtilegir og leigutaka skylt að ganga snyrtilega um svæðið. Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá eignum sínum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af þeim. Ekki er heimilt að geyma annað dót eða muni við gámana, ofan á eða til hliðar við gáma á gámasvæði og utan reita á geymslusvæði. Leigutaki skal gæta þess að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d með því að hefta aðgang.

Reglur þessar gilda frá og með 9. febrúar 2021.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 9. febrúar 2021